

Mál nr. 126/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. apríl 2023.
2. Tölvupóstur V dags. 25. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótargögn, tjónaskýrsla A&Ö send frá V eftir fyrirspurn nefndarinnar.

Málsatvik.

Árekstur varð á hringtorgi á gatnamótum Smiðjuvegar og Stekkjarbakka hinn 28. mars 2023. Lögregla kom ekki á vettvang og gerðu ökumenn ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Fyrirtækið Aðstoð & Öryggi var fengið af V til þess að taka framburðarskýrslur af öikumönnum. Í skýrslunni kemur fram að öikumönnum ber ekki saman um stöðu bifreiðanna er áreksturinn varð. Ökumaður A kveðst hafa ekið niður Smiðjuveg á hægri akrein og inn á ytri hring hringtorgsins. Sýndist honum ökumaður B hafa ekið á innri hring hringtorgsins en þegar honum fannst hann vera kominn vel inn á hringtorgið hafi ökumaður B þrengt að sér eins og ökumaður hafi beygt of snemma og við það rekist utan í bifreið sína. Ökumaður B kveðst hafa ekið að hringtorginu frá aðrein af Reykjanesbraut í suður og inn á ytri hring hringtorgsins með stefnuljós til vinstri til að sýna að hann ætlaði að aka framhjá fyrstu gatnamótunum. Kvað hann ökumann A hafa ekið inn á hringtorgið frá Smiðjuvegi og utan í bifreið sína.

M er eigandi bifreiðarinnar A og telur sig vera í fullum rétti og að áreksturinn hafi átt sér stað þar sem báðir bílarnir voru á leið út úr hringtorginu. Bifreiðinni B hafi verið ekið af innri hring í veg fyrir bifreiðina B á leið út úr hringtorginu. Ákomur á bifreiðunum staðfesti það.

V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Óumdeilt er að í aðdraganda umrædds áreksturs ók A inn á hringtorgið frá Smiðjuvegi á sama tíma og B var ekið um hringtorgið. Samkvæmt 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, skal ökumaður sem ekur að hringtorgi veita þeim sem eru í torginu forgang. Ágreiningur er milli aðila hvort bifreiðinni B hafi verið ekið eftir innri eða ytri hring hringtorgsins og hvort A hafi ekið í veg fyrir B eða hvort B hafi skipt um akrein í veg fyrir A. Engin gögn, vitnaframburðir eða annað liggja þá fyrir er styðji við þá frásögn M að B hafi skipt um akrein í veg fyrir A við akstur úr úr hringtorginu. Þar sem er hins vegar ljóst í málinu er að ökumaður A bar að veita allri umferð um hringtorgið forgang og eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja að hann hafi ekki gætt nægilega að þeim áskilnaði og að það hafi orsakað árekstur aðila.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir